

# Samþykktir fyrir Tollminjasafn Íslands

## I Nafn, heimili og tilgangur

### 1. gr.

Safnið heitir Tollminjasafn Íslands. Heimili og varnarþing safnsins er í Reykjavík.

### 2. gr.

Hlutverk Tollminjasafns Íslands er að safna, varðveita, skrá og rannsaka tollminjar. Sérstök áhersla skal lögð á muni, klæðnað og bækur sem tengjast tollstjóraembættum auk smyglvarnings og annars áhugaverðs sem tengist starfi tollvarða og tollstarfsmanna. Safnið skal enn fremur miðla upplýsingum um þessar minjar og hafa þær til sýnis á áhugaverðan og aðgengilegan hátt fyrir almenning. Safnið skal starfa eftir mótaðri söfnunar- og sýningarstefnu sem skal miða að því að varpa ljósi á og efla þekkingu, skilning og áhuga almennings á tollminjum. Framkvæmd stefnunnar skal vera markviss og árangursrík og skal stefnan vera endurskoðuð á 5 ára fresti. Safnmuni skal skrá eftir viðurkenndum aðferðum og varðveita og forverja eftir bestu getu.

## II Stofnendur og tekjur safnsins

### 3. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík er stofnandi og eigandi safnsins.

### 4. gr.

Stofnfé safnsins er kr. 500.000.- sem tollstjórinn í Reykjavík leggur fram.

### 5. gr.

Tekjur safnsins eru árlegt framlag tollstjórans í Reykjavík, kr. 500.000.- Framlagið skal fylgja vísitölu hvers árs.

### **III Stjórn**

#### **6. gr.**

Stjórn Tollminjasafns Íslands skal skipuð af tollstjóranum í Reykjavík. Stjórnin skal skipuð 4 mönnum. Starfstími stjórnarmanna er 2 ár. Hætti stjórnarmaður á starfstíma stjórnarinnar skal skipaður nýr maður í hans stað út starfstíma stjórnarmanna. Tollstjórinn í Reykjavík skipar formann og varaformann stjórnar en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Gert er ráð fyrir að tollstjórinn á Suðurnesjum tilnefni einn fulltrúa í stjórnina, Tollvarðafélag Íslands einn fulltrúa og tollstjórinn í Reykjavík tvo fulltrúa. Ekki eru greidd laun fyrir setu í stjórn. Hver tilnefningaraðili ber kostnað af störfum síns fulltrúa í stjórninni.

#### **7. gr.**

Stjórn Tollminjasafns Íslands heldur fundi eftir því sem þurfa þykir. Formaður boðar til stjórnarfunda en hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar. Stjórnarfundur er lögmætur ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu mála. Ef atkvæði falla jöfn hefur atkvæði formanns tvöfalt vægi. Safnstjóri situr fundi safnstjórnar og hefur þar tillögurétt og málfrelsi.

#### **8. gr.**

Stjórn Tollminjasafns Íslands afgreiðir starfs- og fjárhagsáætlun safnsins fyrir hvert ár og fylgist með framkvæmd hennar. Leyfi til að undirrita skuldbindingar fyrir safnið hafa stjórnarformaður og safnstjóri.

#### **9. gr.**

Stjórnin sinnir leiðsögu- og eftirlitshlutverki fyrir safnið. Hún beitir markvissri stefnumótun og tryggir framkvæmd og reglulega endurskoðun þeirrar stefnu hjá safninu. Stjórnin hefur yfirumsjón með því að safnið starfi samkvæmt skipulagsskrá og almennum lögum. Það er hlutverk sérhvers stjórnarmanns að tryggja velferð safnsins og árangursríka starfsemi þess.

### **IV Safnstjóri**

#### **10. gr.**

Tollstjórinn í Reykjavík ræður safnstjóra í hlutastarf að fenginni tillögu safnstjórnar. Safnstjóri annast daglegan rekstur safnsins. Safnstjóri skal hafa menntun á sviði tollamála eða búa yfir sambærilegri þekkingu.

## **11. gr.**

Safnstjóri starfar samkvæmt starfslýsingu sem stjórn safnsins samþykkir. Hann ber ábyrgð á rekstri safnsins í umboði stjórnar og framkvæmd þeirrar stefnu sem mótuð hefur verið.

## **V**

### **Reikningur og endurskoðun**

## **12. gr.**

Safnstjóri skal semja ársreikning fyrir safnið og leggja fyrir stjórn þess til samþykktar. Stjórnin skal framkvæma þá könnun á reikningshaldi og reikningum félagsins sem hún telur þörf á. Endurskoðun á reikningum safnsins fer fram með endurskoðun á reikningum embættis tollstjórans í Reykjavík.

## **13. gr.**

Starfsár og reikningsár er almanaksárið.

## **VI**

### **Rekstur**

## **14. gr.**

Í aðstöðu Tollminjasafns Íslands skulu jafnan vera grunnsýningar sem gefa góða innsýn í þá þætti í sögunni sem lúta að tollminjum. Þá getur safnið gert einstökum þáttum skil á sérsýningum, bæði í aðstöðu sinni og annars staðar þar sem aðstæður leyfa og stjórn safnsins ákveður.

## **15. gr.**

Tollminjasafn Íslands skal hafa opnar sýningar samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Það skal rækja fræðsluhlutverk sitt við almenning sem og erlenda gesti m.a. með áhugaverðum sýningum og vönduðu útgáfustarfi. Safnið skal leitast við að höfða til og þjóna breiðum hópi safngesta og hafa starfsemi sína aðgengilega öllum. Haft skal gott eftirlit með aðsókn og aðsóknarþróun og leitast við að hámarka aðsókn. Safnið skal hafa samvinnu við fræðsluyfirvöld, ferðaþjónustu og aðra aðila eftir því sem við á.

## **16. gr.**

Safnstjóra er heimilt að lána gripi tímabundið út úr safninu til sýninga annars staðar með samþykki stjórnar safnsins. Hvorki má gefa né selja þá muni sem safnið

hefur eignast nema með samþykki stjórnar. Ekki er safninu heimilt að veita viðtöku munum sem sérstakar kvaðir fylgja, nema stjórnin samþykki að gjöfin hafi sérstaka þýðingu fyrir safnið.

#### **17. gr.**

Samstarf safnsins við önnur söfn innanlands sem utan, eða aðrar viðurkenndar stofnanir um málefni sem varða safnið, er heimilt svo framarlega sem stjórn styður samstarfið og hagræðing hlýst af því.

### **VII Breytingar á skipulagsskrá**

#### **18. gr.**

Skipulagsskrá þessari má stofnandi safnsins breyta að fenginni umsögn stjórnar.

#### **19. gr.**

Með tillögur um slit og skipti á safninu skal fara eins og með breytingar á skipulagsskrá þessari.

### **VIII Niðurlögn safns**

#### **20. gr.**

Ef ákveðið verður að leggja safnið niður skulu safngripir og aðrar eignir renna endurgjaldslaust til tollstjórans í Reykjavík til varðveislu.

### **IX Ýmis ákvæði**

#### **21. gr.**

Skipulagsskrá þessi tekur gildi við undirritun stofnanda.

Tollstjórinn í Reykjavík, 1. mars 2007.

---

Snorri Olsen